

Baltasar Semper að kvöldi dags. Kominn í vinnugallann og tilbúinn í slaginn.

„Þú getur rétt ímyndað þér serenöðuna"

Davíð Baltasar Guðnason heimsóttur

Texti: Guðjón Arngrímsson

Myndir: Loftur Ásgeirsson



Baltasar Samper er skemmtilegur maður heim að sækja. Hann býr í sérkennilegu húsi í Kópavoginum með konu sinni, Kristjönu Guðnadóttur og þremur börnum þeirra, Ragnheiði Mireyju, Baltasar Kormáki og Rebekku Rán. Og tveimur Labrador-hundum, Tóu og Krumma.

Maðurinn heitir reyndar núna Davíð Baltasar Guðnason. „Guðnason til þess að ég og konan mín fáum inni í sama herbergi á hótelum þegar við erum á Spáni", eins og hann segir sjálfur. Hann hefur átt í stórstríði við yfirvöld, vegna nafnsins, en eins og sumir kannski vita, langaði hann einu sinni mikið til að heita Egill Skallagrímsson, fyrst hann á annað borð þurfti að skipta um nafn. En það gekk engan veginn. Eftir að lögunum um nafnbreytingar var breytt vegna Askenasys sótti hann um að fá að taka upp sitt fyrra nafn aftur. En það gekk engan veginn. „Ætli eina ráðið sé ekki að flytjast úr landi og gerast spánskur ríkisborgari, koma svo aftur hingað og fá að heita Baltasar Samper aftur."





Við hestahirðinguna. Það þarf stundum að hrista heyið ærlega til að það verði „lystugra".

Barok tónlist á málverkasýningu.

Í dag opnar hann sýningu á Kjarvalsstöðum, sína sjöttu einkasýningu. Þar sýnir hann 50 málverk og 40 blýantsteikningar.

„Þessar blýantsteikningar eiga sér þó nokkra sögu. Þær eru allar teiknaðar árið 1965, og eru af öllum bændum í Grímsnesinu á þeim tíma. Þannig var að konan mín var á sjúkrahúsinu á Selfossi að eiga barn. Ég dvaldi á meðan hjá tengdaforeldrunum á Ljósafossi. Þá fór ég ríðandi á hvern einasta bæ í Grímsnesinu og teiknaði bóndann á bænum".

Elsta myndin á sýningunni er frá 1965 en sú yngsta er máluð í ár. Um helgar og á fimmtudögum verður svo boðið upp á nýbreytni. Þá verða tónleikar og danssýning á Kjarvalsstöðum.

Að sjálfsögðu eru bæði tónlistin og dansarnir spænskir. Dansarnir eru frá 1450—1650 og Ingibjörg Björnsdóttir sér um þá og stjórnar. Hljóðfæraleikarar verða hinsvegar Helga Ingólfsdóttir, sem leikur á sembal, dóttir málarans Mireya Baltasarsdóttir leikur á Tamborin og Þórir Hrafnsson á Blokkflautu.

„Þetta verður einskonar samblánd af happening og málverkasýningu."

Háklassík og rammasta beat.

— Fer þetta vel saman?

„Ég held að það ætti að geta tekist skemmtilega, því að ég geri mikið af því að hlusta á músík meðan ég mála. Tónlistin einangrar mann frá umhverfinu á sinn hátt og setur mann í stuð. Hendurnar dansa jafnvel með penslana á léreftinu, og línuleiðin sem kemur út úr þessu er mikil. Tónlistin hægir á mér eða ýtir á eftir, og hjálpar mér við að ná þeim áhrifum sem ég er að sækjast eftir. Nei, ég hlusta ekki á neina sérstaka tegund tónlistar, það fer alveg eftir aðstæðum hverju sinni. Stundum er það háklassísk, þung tónlist, jafnvel Gregorísk, og stundum er það bara rammasta beat. Ef dagurinn hefur verið æsandi hlustar maður kannski á eitthvað róandi, en ef dagurinn hefur aftur á móti verið dapurlegur, setur maður eitthvað léttara á fóninn."

„En tónlistin hefur ekki bein áhrif á myndefnið sjálft, hún er frekar til þess að koma manni í rétt hugarástand."

Vinnur á nóttunni.

Það verður ekki um Baltasar sagt að hann vinni reglulegan vinnudag. Hann byrjar yfirleitt á vinnu sinni þegar aðrir eru á leið inn í draumalandið, og vinnur þangað til hann er orðinn þreyttur, um svipað leyti og aðrir eru búnir að sofa úr sér þreytuna. Hann vinnur sem sagt á nótunni.

„Ég byrjaði á þessu þegar ég var yngri og þurfti að græða peninga fyrir kjöti og baunum handa fjölskyldunni. Þá notfærði ég mér kvöldið til að lengja vinnutímann, og smátt og smátt fór mér að líka vel að vinna á kvöldin. Maður var laus við síma og umgang og það þótti mér þægilegt. Læknir hefur líka sagt mér að ég sé einn af þeim mönnum, sem eiga sinn hápunkt á kvöldin, þ.e. að þá er bæði líkami og sál hvað best vakandi."

Hlustar á kjaftasögurnar.

„Ég hætti að vinna svona klukkan sex til átta á morgnana og sef þá fram að hádegi, um það bil 5 tíma. Ég þarf eiginlega ekki að sofa meira. Eftirmiðdaginn nota ég í ýmsa snúninga, ég hitti kollega, fæ mér kaffi á Mokka og fylgist með kjaftasögunum. Þá þarf ég líka að sinna hestunum, og um kvöldið borða ég með familíunni."

„Krakkarnir eru allir í tónlistarskóla svo þú getur ímyndað þér serenöðuna sem gengur hér meðan þau eru vakandi."

„Svo eru líka góðir draugar í húsinu. Mér þykir alveg sérstaklega vænt um þá, og þeim hlýtur að líka vel við mig. Á Spáni hló ég að þeim sem sáu drauga, en hérna finn ég greinilega fyrir návist þeirra. Og þeir hafa góð áhrif á mig."

Óvenjulegt heimilishald.

Það gefur auga leið að á heimili þar sem böndinn vinnur á nóttunni en sefur á daginn er heimilishaldið dálítið frábrugðið því sem fólk á að venjast. Hvernig kann konan við svona háttalag?

„Ég hef eiginlega ekki reynslu af neinu öðru", segir Kristjana, „svo ég á svolítið erfitt með að svara þessu. En þetta er búið að vera nokkuð erfitt upp á síðkastið, vegna undirbúningsins fyrir sýninguna. Svo þarf ég náttúrulega að vakna með krökkunum, þegar þau fara í skólann.

Kristjana er reyndar sjálf í skóla um þessar mundir.

„Já, ég er í Myndlista- og handíðaskólanum. Áður en við kynntumst var ég byrjuð að læra, en lagði námið á hilluna meðan börnin voru að vaxa úr grasi. Ég ætlaði alltaf að leggja þetta fyrir mig, og það að vera gift málara hefur ekki dregið neitt úr áhuganum. Þó má segja að ég hafi breytt um stefnu. Hérna áður ætlaði ég nefnilega að vera málari, en núna er ég í leirkerasmíði, á vori annars árs"

Ekki fékkst hún til að viðurkenna að þessi stefnubreyting væri bóndanum að kenna: „Áhugamálin breytast með aldrinum, og nú er ég að koma mér upp aðstöðu til leirkerasmíði hérna úti í bílskúr. Ég er lítið farin að framleiða af þessu ennþá, en áhugann vantar ekki."

Dellurnar.

Málverk og leirker. Þar með ætti að vera séð fyrir myndlistinni. En svo er ekki. Baltasar gengur með stórkostlega ljósmyndadellu, og hefur gert það lengi.

„Ég byrjaði að taka myndir stuttu eftir að ég kom til Íslands. Það var aðallega til að senda mömmu og pabba, til að sýna þeim hvernig krakkarnir litu út, og hvað konan mín væri sæt. Og svo myndir af landinu. Ég hef tekið margar myndir á hestaferðalögum mínum, og nokkrar hafa reyndar birst í Iceland Review, þannig að kostnaðurinn sem ég hef lagt út í vegna þessa, er kannski aðeins farinn að skila sér."

„Svo tek ég líka myndir af fallegum sólardögum, og sólarlaginu. Hér á Íslandi eru skilin milli dags og nætur ekki nærri eins skörp og til dæmis á Spáni. Sólsetur tekur kannski marga klukkutíma hér, meðan það tekur tíu mínútur úti á Spáni. Sólsetur eru frábær fyrir ljósmyndara, þá eru skuggarnir langir og hlutirnir verða fantastískir og stærri og kraftmeiri en á daginn!

Blandar ekki saman ljósmyndum og málverkum.

„En ég passa mig á að blanda ekki saman ljósmyndunum og málaralistinni. Ég mála alltaf eftir minni, nema þegar ég mála portrett, endurminningar og reynslu".

„Ljósmyndatæknin er líka ákaflega mismunandi, og það er næstum því jafnslæmt að blanda ýmsum vinnuaðferðum hennar saman, og að blanda saman ljósmyndun og málaralist. Hjá mér á þó þetta hvort tveggja eitt sameiginlegt. Hestar eru minar uppáhalds fyrirsætur, hvort sem ég er með myndavélina eða litaspjaldið. Munurinn liggur kannski í því að ég læt „Ég geri nú frekar lítið af því að mála fólk. Svona 5—6 portrett á ári. Það er seinleg vinna. Það fer í þetta sona einn og hálfur tími á dag ef sá sem situr fyrir kemur hingað heim, annars meira. Ég er svona einn til tvo mánuði með eina mynd, ef unnið er fimm daga vikunnar. En það er miklu betra að vinna hérna heima."

Tónlistin

Nú vatt Baltasar sér að flyglinum og lék af mikilli list nokkur lög. Þar brá fyrir bæði Rachmaninoff og John Lennon, enda tónlistarsmekkurinn ekki bundinn við neina eina tegund tónlistar.

„Þetta er eitt af áhugamálunum", segir Baltasar og hlær, „maður reykir minna á meðan maður hefur eitthvað í höndunum. Það er sama hvort það er píanó, pensill, sporjárn eða gítar".

Gítar?

„Já, ég fékk fyrir langa löngu styrk til framhaldsnáms á Spáni. Þetta var einskonar ferðastyrkur, sem átti að borga fyrir mann hótel og svoleiðis. En allan tíman kom ég aldrei á hótel. Ég bjó með sígaunum og þeir kenndu mér á gítar".

Baltasar fékk lánaðan gítar hjá syninum, og allt í einu var hann kominn á fulla ferð í villtri flamenco tónlist. Hann söng með, hrjúfri röddu og á spænsku að sjálfsögðu. Rétt eftir að hann hafði lagt frá sér gítarinn var kallað á hann í símann. Hann fór, en kom fljótlega



Fjölskyldan samankomin í eldhúsinu

Það, eins og reyndar allar vinnuteikningar hússins eru útfært af Vífli Magnússyni akritekt.

En bílaáhugamaður er Baltasar ekki. „Nei ég er alveg laus við bíladellu. Hef engan áhuga á spittkerrum og sportbílum. En mér þykir óskaplega vænt um jeppann minn. Hann er orðinn 30 ára, og gengur svo hægt að það er alveg furðulegt. Maður verður gáfaður á að eiga svona bíl, vegna þess að maður hefur nógan tíma til að hugsa og fílosófera. Og svo er ósköp gaman að öllum þeim sem á eftir koma. Þeir eru stundum allt annað en ánægðir, með hraðan á jeppanum."

—GA